



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um mat á starfsumhverfi starfsfólks sem kemur fyrir borgarráð.

Á fundi borgarráðs þann 20. ágúst 2020 lagði áheyrnarfulltrúa Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn um mat á starfsumhverfi starfsfólks sem kemur fyrir borgarráð:

Yfirstjórn Reykjavíkur, en hana skipa borgarstjóri og sviðstjórar Reykjavíkurborgar, ákvað einhliða á fundi í júlí að athuga starfsumhverfi starfsfólks Reykjavíkurborgar sem kemur fyrir borgarráð. Athugunin lýtur að sálfélagslegum áhættuþáttum í umhverfi starfsfólks sem situr fundi eða kemur reglulega fyrir borgarráð. Eftir verðfyrirspurn til aðila var gengið frá samning við Líf og sál sálfræðistofu um þetta verkefni.

1. Hvaða fyrirtækjum var boðið að sinna verkefninu með verðfyrirspurn? 2. Hvaða verð gáfu þessi fyrirtæki í verkefnið tæmandi talið? 3. Hvað kemur Líf og sál ehf. til með að fá greitt fyrir að taka verkefnið að sér? 4. Var samið um eina greiðslu eða fær Líf og sál ehf. einnig greitt fyrir aukaverk sem kannski falla til? 5. Af hverju munu að skýrslugerð starfsmenn Lífs og sálar ehf ekki ræða skýrsluna eða einstaka þætti athugunarinnar við aðra en verkbeidanda? 6. Á ekki að kynna skýrsluna fyrir borgarráði? 7. Á hvaða lagagrunni fer þessi vinna fram? 8. Kynnt er að endanleg útgáfa af frásögn viðmælanda verði í vörslu Líf og sálar ehf. sem gagn í málinu og ekki afhent öðrum nema að undangengnum dómsúrskurði. Er verið að trimma upp dómsmál milli embættismanna og kjörinna fulltrúa? 9. Ef já – hvernig eiga kjörnir fulltrúar að verja sig fyrir dómi í þeim ásökunum sem kunna að koma fram í skýrslunni ef þeir hafa aldrei séð hana? 10. Er búið að kalla eftir álitum Persónuverndar hvort þessi „athugun“ standist ný persónuverndarlög?

Svar:

1. Hvaða fyrirtækjum var boðið að sinna verkefninu með verðfyrirspurn?

Leitað var til fyrirtækja sem eru á lista Vinnueftirlitsins sem viðurkenndur þjónustuaðili og sérfræðingur í vinnuvernd með sértæka þjónustu. Viðurkenndur þjónustuaðili er fyrirtæki sem Vinnueftirlitið hefur viðurkennt, á grundvelli reglugerðar nr. 730/2012 um viðurkenningu þjónustuaðila og sérfræðinga sem veita atvinnurekendum þjónustu við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum. Þjónustuaðili starfar sem óháður, sérfróður aðili við að greina og meta hættur í vinnuumhverfinu og gera áætlun um heilsuvernd/forvarnir. Hann er atvinnurekendum, fulltrúum þeirra, öryggistrúnaðarmönnum, öryggisvörðum og starfsmönnum til ráðuneytis og ráðgjafar við að skapa sem öruggast og heilsusamlegast vinnuumhverfi, sbr. reglugerð nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Leitað var til eftirfarandi fyrirtækja sem bjóða upp á mat á starfsumhverfi og mat á sálfélagslegum þáttum: ATTENTUS - Mannauður og ráðgjöf ehf., Auðnast ehf og Líf og sál sálfræðistofa ehf.

2. *Hvaða verð gáfu þessi fyrirtæki í verkefnið tæmandi talið?*

Tvö af þeim þremur fyrirtækjum sem leitað var til með verðfyrirspurn sendu inn verðtilboð í umbeðið verk. Það voru Auðnast ehf og Líf og sál sálfræðistofa ehf.

Óskað var eftir verðtilboði sem innihéldi upplýsingar um áætlað umfang vinnu, hvaða ráðgjafar áætlað væri að kæmu að verkefni og reynslu fyrirtækis að því að vinna mat á starfsumhverfi og úttekt á sálfélagslegum áhættuþáttum. Í verðfyrirspurninni var lagt upp með að tekin væru viðtöl við þátttakendur. Jafnframt kom fram í verðfyrirspurninni að við val á samningsaðila yrði horft til fjárhæðar verðtilboðs, reynslu þjónustuaðila af því að vinna mat á starfsumhverfi og úttekt á sálfélagslegum þáttum og tímaáætlun verks.

Aðeins annað þeirra fyrirtækja sem sendu inn verðtilboð uppfyllti þá forsendu sem lagt var upp með í verðfyrirspurninni að tekin yrðu viðtöl við þátttakendur í matinu og því var einungis einn aðili sem gerði verðtilboð í það verk sem óskað var eftir.

3. *Hvað kemur Líf og sál ehf. til með að fá greitt fyrir að taka verkefnið að sér?*

Líf og sál sálfræðistofa ehf. fær greitt samkvæmt þjónustusamningi 1.988.500 kr. fyrir verkefnið.

4. *Var samið um eina greiðslu eða fær Líf og sál ehf. einnig greitt fyrir aukaverk sem kannski falla til?*

Líf og sál fær greitt samkvæmt þjónustusamningi sem kveður á um greiðslu samkvæmt verðtilboði. Ekki var samið um greiðslur fyrir aukaverk.

5. *Af hverju munu starfsmenn Lífs og sálar ehf. ekki ræða skýrsluna eða einstaka þætti athugunarinnar við aðra en verkbeiðanda?*

Samkvæmt þjónustusamningi um verkefnið er það unnið fyrir Reykjavíkurborg. Líf og sál er þjónustuaðili sem tekur að sér að framkvæma vinnsluna samkvæmt þjónustusamningi. Frumgögn

sem verða til hjá Líf og sál ehf., s.s. endanleg útgáfa af frásögn viðmælenda við sálfræðinga, verða ekki afhent til borgarinnar eða rædd við fulltrúa hennar, enda eru gögnin háð trúnaði. Sálfræðingar bera samkvæmt lögum og siðareglum sálfræðinga ábyrgð á að meðferð, varðveisla eða eyðing annarra gagna sem kunna að verða til hjá þeim vegna veitingu þjónustunnar sé í samræmi við lög. Sama gildir um upplýsingagjöf af þeirra hálfu um einstaka þætti þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á þeirra vettvangi.

6. *Á ekki að kynna skýrsluna fyrir borgarráði?*

Það hefur verið gert ráð fyrir því að niðurstöður úttektar verði kynnt á fundi borgarráðs.

7. *Á hvaða lagagrunni fer þessi vinna fram?*

Reykjavíkurborg sækir heimildir sínar til 3. tl. 9. gr. persónuverndarlaga með vísan til laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. ákvæði XI. kafla þeirra laga, einkum 1. mgr. 65. gr. og 1. mgr. 65. gr. a, sbr. einnig reglugerð nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Þó er þátttaka valfrjáls með öllu og er starfsmanni og hlutaðeigandi borgarfulltrúum frjálst að draga samþykki sitt um þátttöku til baka. Byggist vinnslan því einnig á 1. tl. 9. gr. persónuverndarlaga. Um að ræða sálfélagslegt áhættumat á grundvelli laga nr. 46/1980. Ekki er um að ræða mat á tilteknum einstaklingum heldur á tilteknum áhættuþáttum í vinnuumhverfinu hjá þeim hóp sem tekur þátt í úttektinni. Niðurstöðum úttektar er samkvæmt þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við Líf og sál ekki ætlað að geyma persónugreinanlegar upplýsingar eða upplýsingar sem rekja má til einstakra viðmælenda.

8. *Kynnt er að endanleg útgáfa af frásögn viðmælenda verði í vörslu Líf og sálar ehf. sem gagn í málinu og ekki afhent öðrum nema að undangengnum dómsúrskurði. Er verið að trimma upp dómsmál milli embættismanna og kjörinna fulltrúa?*

Nei. Gera verður greinarmun á frumgögnum sem verða til hjá Lífi og sál ehf. annars vegar úttektinni sem Reykjavíkurborg fær í hendur hins vegar. Úttektin verður geymd í skjalakerfi borgarinnar og fer um afhendingu hennar samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012 og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, sbr. einnig samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Frumgögn sem verða til hjá Líf og sál ehf., s.s. endanleg útgáfa af frásögn viðmælenda við sálfræðinga, verða ekki afhent til borgarinnar, enda eru þau háð trúnaði. Sálfræðingar bera samkvæmt lögum og siðareglum sálfræðinga ábyrgð á að meðferð, varðveisla eða eyðing annarra gagna sem kunna að verða til hjá þeim vegna veitingu þjónustunnar sé í samræmi við lög. Fer um beiðnir um afhendingu þeirra í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og en gögn sem innihalda upplýsingar sem þátttakendur veita í viðtölum sálfræðinga verða ekki afhent öðrum nema að undangengnum dómsúrskurði. Gildir það jafnt um afhendingu til Reykjavíkurborgar og annarra.

9. *Ef já – hvernig eiga kjörnir fulltrúar að verja sig fyrir dómi í þeim ásökunum sem kunna að koma fram í skýrslunni ef þeir hafa aldrei séð hana?*

Sjá svar við lið 8. Úttektin verður aðgengileg fyrir kjörna fulltrúa á grundvelli upplýsingalaga, nr.140/2012 og sveitastjórnarlaga, nr.138/2011, sbr. einnig samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

10. *Er búið að kalla eftir álit Persónuverndar hvort þessi „athugun“ standist ný persónuverndarlög?*

Framkvæmd úttektarinnar er gerð í samráði við persónuverndarfulltrúa borgarinnar þannig að tryggt verði að vinnsla persónuupplýsinga samræmist lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018. Hlutverk persónuverndarfulltrúa er einkum að tryggja að fyrirtækið eða stofnunin uppfylli kröfur persónuverndarlaganna. Ekki var því ástæða til að leita álits Persónuverndar enda ekki lagaskylda til þess.

Lóa Birna Birgisdóttir
Sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs